

Nd.

438. Nefndarátt

um frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er flutt af hv. stjórn og fer fram á að samræma hin gildandi íslensku lagaákvæði um ríkisborgararjett samskonar löggjöf Norðurlanda.

Frv. hefir verið afgreitt í hv. efri deild, og þar sem allsherjarnefnd getur fullkomlega fallist á efni þess, þá ræður hún hv. deild til þess að samþykkja frv. með svofeldri

ORÐABREYTINGU :

Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Nú hefir karlmaður eða ógift kona, sem fædd eru hjer á landi, en eiga þó ekki ríkisfang hjer, haft hjer samfleytt lögheimili til fullra 19 ára aldurs, og öðlast þau þá íslenskt ríkisfang, hvort sem þau eru fædd áður en lög þessi öðlast gildi eða eftir það, enda hafi aðili o. s. frv.

Alþingi, 27. apríl 1926.

Jón Kjartansson,
form. og frsm.

Árni Jónsson,
fundaskrifari.

Pjetur Ottesen. Pjetur Þórðarson. Jón Baldvinsson.